



**Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 822. fundur  
haldinn í Upsa á 3. hæð í Ráðhúsi Dalvíkur, 18. maí 2017  
og hófst hann kl. 13:00**

**Fundinn sátu:**

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson Formaður, Kristján Guðmundsson  
Varaformaður og Guðmundur St. Jónsson Aðalmaður.

**Embættismenn**

Guðrún Pálína Jóhannsdóttir Sviðstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Guðrún Pálína Jóhannsdóttir, sviðstjóri fjármála- og  
stjórnsýslusviðs

**Dagskrá:**

**1. 201705060 - Frá sviðstjóra fræðslu- og menningarsviðs; Leigusamningur  
Rimar 2017 - 2027**

Undir þessum lið kom á fund byggðaráðs Hlynur Sigursveinsson, sviðstjóri  
fræðslu- og menningarsviðs, kl. 13:00.

Á 821. fundi byggðaráðs þann 11. maí 2017 var eftirfarandi bókað:

"Með fundarboði byggðaráðs fylgdu drög að leigusamningi um leigu á  
félagsheimilinu Rimum í Svarfaðardal. Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs  
kynnti ofangreind drög. Til umræðu ofangreint.

Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að sviðsstjóri fræðslu- og  
menningarsviðs komi með samningsdrögin aftur fyrir byggðaráð þegar búið er að  
skoða þær ábendingar sem fram komu á fundinum."

Hlynur fór yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á samningsdrögunum á milli  
funda.

*Byggðaráð samþykkir með 3 atkvæðum samningsdrögin eins og þau liggja fyrir  
með fyrirvara um að frekari breytingar verði gerðar á drögunum.*

**2. 201705080 - Frá sviðstjóra fræðslu- og menningarsviðs; Tjaldsvæði -  
Rekstrarsamningur 2017 - 2027**

Á 821. fundi byggðaráðs þann 11. maí 2017 var m.a. eftirfarandi bókað:

"Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum tillögu íþróttá- og  
æskulýðsráðs um að gengið verði til samninga við Landamerki ehf. Drög að  
samningi komi síðan fyrir byggðaráð."

Með fundarboði byggðaráðs fylgdu drög að samningi um rekstur og umsjón  
tjaldsvæðisins á Dalvík.

Til umræðu ofangreint.

Hlynur vék af fundi kl. 13:43.

*Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum samningsdrögin eins og þau liggja fyrir með þeim fyrirvörum sem ræddir voru á fundinum.*

**3. 201510077 - Sjávarútvegssaga Dalvíkurbyggðar- tillaga um fulltrúa í ritnefnd**

Á 821. fundi byggðaráðs þann 11. maí 2017 var m.a. eftirfarandi bókað:  
"Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að ráðið muni koma með tillögu að fulltrúum í ritnefnd um sjávarútvegssögu Dalvíkurbyggðar fyrir mánaðarmótin maí / júní 2017."

Til umræðu ofangreint.

*Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að fela upplýsingafulltrúa að koma með fyrirmynd að erindisbréfi fyrir væntanlega ritnefnd.*

**4. 201705114 - Tilboð í Lokastíg 1, íbúð 0201**

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs gerði grein fyrir tilboðum sem hafa borist í Lokastíg 1, íbúð 0201 og íbúð 102.  
Málið er í vinnslu.

*Lagt fram til kynningar.*

**5. 201705115 - Tilboð í Kirkjuveg 9**

Fyrir hönd Dalvíkurbyggðar óskaði fasteignasalan Hvammur í auglýsingu eftir tilboðum í fasteign sveitarfélagsins við Kirkjuveg 9. Tilboðsfrestur var til kl. 16:00 miðvikudaginn 10. maí s.l. Dalvíkurbyggð áskildi sér rétt til að taka hvaða kauptilboði sem er, eða hafna öllum.

Alls bárust 3 tilboð í eignina:

Kr. 8.000.000.

Kr. 17.500.000.

Kr. 18.600.000.

Til umræðu ofangreint.

*Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að taka hæsta kauptilboði í eignina að upphæð kr. 18.600.000 og samþykkir sölu á eigninni við Kirkjuveg 9.*

**6. 201704068 - Frá sviðstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs; Stöðumat janúar - mars 2017**

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs kynnti skil stjórnenda hvað varðar stöðumat janúar - mars 2017, þ.e. samanburður bókhalds í fjárhagsáætlun 2017.

*Lagt fram til kynningar.*

**7. 201705125 - Frá Greiðri leið; Aðalfundur Greiðrar leiðar 2017**

Tekið fyrir aðalfundarboð frá Greiðri leið ehf. dagsett þann 12. maí 2017, þar sem boðað er til aðalfundar mánudaginn 29. maí 2017 kl. 13:00 á Akureyri.

*Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að fela sveitarstjóra að sækja fundinn.*

**8. 201705126 - Frá Markaðsstofu Norðurlands; Aðalfundur Markaðsstofu Norðurlands**

Tekinn fyrir rafpóstur frá Markaðsstofu Norðurlands, dagsettur þann 12. maí 2017, þar sem minnt er á aðalfundinn þriðjudaginn 16. maí s.l.

Upplýst var á fundinum að Margrét Víkingsdóttir, upplýsingafulltrúi, sótti fundinn f.h. Dalvíkurbyggðar.

*Lagt fram til kynningar.*

**9. 201701030 - Frá Eyþingi; fundargerð stjórnar nr. 295**

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Eyþings nr. 295 frá 15. maí 2017.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:51**

|       |       |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |